

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Akureyrar, Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breyting á aðalskipulagi Akureyrar, Öngulsstaða- og Svalbarðsstrandarhrepps að því er snertir legu Norðurlandsveggar frá Akureyri að Hallandsnesi. Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefndum Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps í desember 1976 og Skipulagsstjórn ríkisins 4. maí 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. maí 1977.

Nr. 217.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarfélagið Dýraspítali Watsons, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. maí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarfélagið Dýraspítali Watsons.

1. gr.

Heiti félagsins er Dýraspítali Watsons.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að efla og auka áhuga almennings á dýrum og dýravernd.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið m. a. ná með starfrækslu dýraspítala þess, sem breski íslandsvinurinn Mark Watson gaf eftirfarandi aðilum með gjafabréfi, dags. 11. febrúar 1974, og stækka hann eftir því, sem þurfa þykir og samþykkt verður skv. 11. gr.: Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, Dýraverndunarfélagi Reykjavíkur, Hundavinafélagi Íslands, Hestamannafélaginu Fákí, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands.

Dýraspítalinn er eign félagsins.

5. gr.

Ofangreindir stofnendur þessa félags skulu hver um sig skipa tvo menn í félagið til eins árs í senn.

6. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun.

7. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og a. m. k. viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Skýrsla formanns um hag félagsins og starfsemi á liðnu starfsári og framtíðarhorfur.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar síðasta árs.
3. Ákvarðanir teknar um rekstur dýraspítalans og fjárhagsáætlanir fyrir næsta starfsár.
4. Kjör formanns félagsins og varaformanns.
5. Kjör tveggja meðstjórnenda og tveggja til vara.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
7. Kosning fjögurra manna í fjáröflunarnefnd.
8. Önnur mál.

8. gr.

Aukafund skal halda, þegar formanni félagsins þykir nauðsynlegt, eða þess er krafist af a. m. k. fjórum félagsmönnum. Skal formaður kveðja til fundarins innan viku frá því, að krafa barst, og fundurinn haldinn eigi síðar en innan 4 vikna frá sama tíma. Nú hefur formaður ekki kvatt til fundar innan 14 daga frá því að krafa barst, og geta félagsmenn þá sjálfir annast kvaðningu.

9. gr.

Stjórnin skal annast daglegan rekstur dýraspítalans og m. a. eftirfarandi:

1. Ráðningu fastra starfsmanna.
2. Ráðningu forstöðumanns, enda liggi samþykkt aðalfundar fyrir.
3. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs, sbr. 7. gr. 3. tl.
4. Drög að gjaldskrá og opnunartíma næsta árs, sem hvorutveggja skal samið í samráði við ráðinn dýralækni.
5. Ráðningu löggilts endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga félagsins.

Drög skv. 3. og 4. töluliðum skal senda með fundarboði og dagskrá aðalfundar skv. 7. gr.

10. gr.

Allar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins skulu tilkynntar í fundarboði aðalfundar. Breytingartillögur frá einstökum félagsmönnum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. mars.

11. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Samþykki 5/6 greiddra atkvæða þarf þó til þess að stofna til skulda umfram það, sem eðlilegt telst til daglegs reksturs spítalans.

Fundargerðir skal rita í gerðabók. Skulu þær lesnar upp og bornar undir atkvæði í fundarlok og síðan undirritaðar af aðilum.

Enginn má vera formaður félagsins lengur en 5 ár í röð.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi, og taka breytingar ekki gildi, fyrr en viðkomandi ráðuneyti hefur staðfest þær.

13. gr.

Verði félagið lagt niður, skulu eignir þess renna til þess ráðuneytis, er hefur yfirumsjón með dýravernd, og skal þá ráðstafa þeim í anda gjafabréfsins.